

Formannafundur FHB 2013

haldinn á Hótel Sögu fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 13.

Mættir: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Magnús Jósefsson ritari og formaður í A-Hún, Ólafur Einarsson meðstjórnandi. Vignir Sigurðsson gjaldkeri boðaði forföll. Hulda G. Geirsdóttir, framkvæmdastjóri ritar fundargerð.

Af formönnum voru mættir, auk Magnúsar, Sveinn Steinarsson HS, Ríkharður Hafdal HEP, Elvar Logi Friðriksson V-Hún, Jósef Valgarð Þorvaldsson HrAust og Ingimar Ingimarsson HSS. Birna Hauksdóttir á Vesturlandi, Sigurður Jökulsson hjá Dalamönnum og Ómar Antonsson í Hornafirði boðuðu forföll.

Kristinn Guðnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður stýrði jafnframt fundi.

Hulda fór yfir helstu verkefni undanfarinna mánaða. Í samræmi við aðalfundarályktun hefur FHB lagt áherslu á frekari þátttöku í hestasýningum erlendis t.d. sýningu í Austur Þýskalandi í samstarfi við Arinbjörn á Brekkulæk og Equitana stórsýninguna í Þýskalandi í samstarfi við LH. Þá er undirbúningur fyrir Hestatorgið á HM í Berlín farinn af stað og fleiri sýningar til skoðunar. Einnig hefur félagið komið að undirbúningi nýrrar sýningar um íslenska hestinn á Skeiðvöllum í Holta-og Landssveit, þar sem ferðamönnum býðst í sumar að koma og kynna íslenska hestinum frá ýmsum hliðum.

Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ kom til fundar og kynnti sig fyrir félagsmönnum. Fór yfir þau mál sem eru efst á baugi og sagði mikilvægt að búgreinafélög væru vel upplýst um það sem verið er að vinna að hverju sinni.

Nefndi umræðu um endurskipulagningu á félagskerfinu, stýrihópur sem vinnur að því. Starfsumhverfismál - of mörg slys í landbúnaði, ætlunin að bjóða upp á frekari fræðslu varðandi öryggismál og vinnuvernd og hagræðingu.

Umræðan um hrátt kjöt og tolla tekur sinn tíma núna og hefur BÍ hefur tekið til varna á þeim vettvangi. Leggur áherslu á samstöðu í þessum málefnum.

Vonar að yfirfærsla verkefna til RML takist vel.

Landsmót ehf. í slæmri stöðu, gjaldfallið lán hjá Byggðastofnun og LM ehf. á ekki fyrir skuldum eða launum. Aðeins verið skoðað hvað eigi að gera með félagið og trúir Sindri því að slíkt félag eigi að geta rekið sig. BÍ hefur ákveðið að láta félagið ekki fara í þrot og hefur ráðið ráðgjafa til að taka út reksturinn og semja við kröfuhafa. Síðan þarf að skoða hvort BÍ leggur inn meira hlutafé, og LH þá líka. Skuldir standa sem stendur í 45 milljónum.

Kristinn spurði Sindra, varðandi ESB, um frjálst flæði búfjár og sagðist hafa áhyggjur af því máli. Sindri sagði afstöðu bænda skýra og þeir myndu verjast af öllum krafti.

Kristinn spurði einnig um hrossaræktarráðunautinn sem nú er kominn yfir til RLM. Ýmis samskipti, fundarferð með formanni FHB og erlend samskipti, sem er lykilatriði fyrir okkur að halda. Hver borgar þetta núna?

Sindri segir greitt fyrir sértæka ráðgjöf - en leggur til að FHB fundi með Karvel framkvæmdastjóra RLM sem fyrst til að fá þessi mál á hreint. Ráðunauturinn hefur mikið vægi í alþjóðlegu samstarfi og WorldFengur líka.

Ingimar spurði um kostnað vegna þjónustu RML og vísaði Sindri til heimasíðu RML þar sem gjaldskrá er að finna.

Sveinn Steinarsson spurði um aðgengi að starfsfólki, t.d. eins og ráðunautum. Nú hefur t.d. aðgengi Hrossaræktarsamtakanna breyst hvað það varðar.

Sindri lagði áherslu á að Fhb hefur fullan aðgang að BÍ varðandi þessi mál og allar ábendingar séu vel þegnar.

Rætt um stóðhestaskýrslur. Hulda sagðist vilja sjá þann möguleika að umsjónarmaður stóðhests geti sjálfur skráð stóðhestaskýrslu inn í WorldFeng.

Kristinn spurði um lausagöngu hrossa, vill ekki missa hana þó hún sé ekki víða í boði, þ.e. á afrétti. Er einhver hættu á að þetta sé að breytast?

Sindri sagði þetta mál sem alltaf þarf að fylgjast með, stöðug umræða í gangi. Þurfum kannski ekki endilega að óttast, en þetta kemur alltaf upp í umræðunni reglulega.

Sigbjörn spurði hvað þyrfti að gera til að viðhalda þessum rétti? Viða eru svæði sem myndu alveg þola hrossabeit í ákveðin tíma á ári.

Sveinn spurði Sindra út í afsetningu, áhyggjuefni hvað sala á hrossum er lítil. Sækja þarf á nýja markaði og nauðsynlegt að baklandið komi þar að. Einnig að markaðssetja margar afurðir saman t.d. lambakjöt og lífhross.

Mikil áföll á hrossakjötmarkaðnum og ekki útséð hvernig það fer.

Kristinn fór yfir fleiri verkefni FHB, m.a. fundarferðina í vetur sem gekk vel og var aðsókn yfirleitt ágæt. Engin sérstök átakamál til umræðu. Guðlaugur kynnti nýtt fyrirkomulag á skoðun kynbótahrossa og hefur það verið kynnt dómurum og sýningarstjórum.

Kristinn sagði umræðu um útflutning á sæði hafa verið þannig að nánast enginn hafði áhuga á því máli. Elvar benti á að kannski hafi fólk áhuga á málinu en það veit ekki alveg hvað því á að finnast um það.

Magnús segir að þarna verði að fara varlega, glapræði fyrir stéttina að fara út í slíkt. Gæti skaðað markaðinn fyrir sölu stóðhesta og unghrossa. Sveinn tók undir það sjónarmið.

Kristinn velti fyrir sér hvernig yrði hægt að banna þetta og þá líka hvort þarf að banna það?

Í fyrra fóru út rúm 1300 hross, aðeins aukning - en nokkur hluti þeirra þegar í eigu erlendra aðila. Lítil nýliðun í greininni. Áherslan kannski verið of mikil á keppni og sýningar og almenni reiðmaðurinn orðið útundan.

Fjármagn í sumarexems rannsóknirnar fékkst frá ríkinu og það er kraftur í rannsakendum að halda áfram.

Þróunarsjóðurinn er enn starfandi þó lítið sé til úthlutunar. Sex milljónir í ár plús tvær sem gengu til baka úr fyrri úthlutun.

Jón Baldur Lorange frá WorldFeng kom til fundar og kynnti breytingar á WorldFeng, rafræna skráningu á kynbótasýningar og fleira. Afkvæmadómar eru komnir inn í kerfið, en Fhb hafði lengi óskað eftir því.

Verið að skoða það að hægt verði að skrá dóma í gegnum spjaldtölvur við dómstörf. Einnig að koma upp valpörunum í tengslum við heimaréttina.

Rafrænar skráningar á stóðhestaskýrslum eru mögulegar. Slíkt er gert í Svíþjóð.

Einnig verið rætt um hugmyndir um vistun á því hvort hross er til sölu, tamningadagbók o.fl.

Aðeins rætt um söluvef í tengslum við WF, áður verið skoðað og ekki mikill áhugi fyrir því.

En sniðugt að geta merkt hross til sölu í gegnum heimaréttina.

Kaffihlé

Sigbjörn Björnson gerði grein fyrir vinnu nefndar um kynbótasýningar þar sem markmiðið er að minnka áverka. Nefndin hefur haldið tvo fundi, auk vinnu í gegnum tölvupóst og síma. Nefndin stefnir á að skila af sér með vorinu. Sigbjörn rakti helstu atriði sem nefndarmenn væru sammála um að skiptu máli:

- Skýrari merkingar brauta, stytta brautirnar.
- Mikilvægt að það sé sama undirlag í upphitun og á velli.
- Horft meira á gæði gangtegundar en hraða.
- Eftir skoðun á áverkamyndum - hvetja knapa til að nota hlífar sem hlífa (gömlu gúmmí) frekar en þyngingar.
- Kröfur um líkamsbeitingu inn í dómsskalann. (Skalinn orðinn 30 ára gamall).
- Taumsamband.
- Dæma hægt brokk - gæði frekar en hraði.
- Ríða styttra, 100m kafli dugir til að fá einkunn.
- Mél, fræða meira um stangareið - halda skáreiminni.
- Auka þarf fagmennsku í járningum.
- Mikið ójafnvægi í hrossum (að sögn Peter DeCosemo reiðkennara sem nefndarmaður vitnaði í). Vöntun á styrk.
- Umræða um hvort banna eigi sýningar á fjögurra vetra hrossum.
- Hugsanlega hækka þyngdarmörkin þegar legghlífar bætast við 60 gr. uppi og 90 gr. niðri.

Sigbjörn fór af fundi í kjölfar erindis síns, en hann var á leið á kynbótasýninganámskeið FEIF fyrir unga sýnendur.

Skýrslur deilda:

Sveinn hjá HS - hefðbundnir viðburðir, ungfolasýning og ræktun. Fræðslukvöld með verklegu ívafi. Eru að ýta af stað starfshópi sem á að rýna í markaðsmálin. Marka stefnu og skili af sér fyrir aðalfund í haust.

Ríkharður Hafdal hjá HEP - starfið í föstum skorðum, stóðhestahald, en fækkað hefur í samtökunum um 10%. Nýr starfsmaður hjá samtökunum. Hafa verið með fræðsluerindi, haustfund og verðlaunaafhendingar. Búnir að skipa nefnd í markaðsmálin og ætla að vinna með ferðapjónustuaðilum.

Jósef Valgarð hjá HrAust – fjölning félagsmanna, enn verið að vinna úr síðasta fjórðungsmóti og framkvæmdum við hesthús. Markaðsdagur í reiðhöllinni, hrossasala og varningur, tókst vel. Folaldasýning og stóðhestasýning. Halda líka yfirleitt stóðhest. Mikil umræða um reglugerðafargan sem er að sliga hestamenskuna, vitnaði þar t.d. í reglugerðir um fatnað í keppni.

Elvar Logi Friðriksson hjá V-Hún - ekki mikil starfsemi í gangi, en þeir halda þó stóðhesta. Halda góða árshátíð og skemmta sér saman. Er nýtekin við sem formaður.

Ingimar Ingimarsson hjá HSS - þungamiðjan er kynbótastarfið, halda stóðhesta oph. Folaldasýningar og uppskerufögnuður. Sameiginlegt markaðsstarf með A-Húnvetningum.

Magnús Jósefsson hjá A-Hún. - reka reiðhöll og hesthús sem gengur bara vel, stóðhestahald og folaldasýningar og hafa aðeins verið í markaðsstarfi með Skagfirðingum í tengslum við icehorse.is.

Jósef Valgarð fór af fundi um það bil sem umræður um önnur mál voru að hefjast.

Önnur mál:

Sveinn - Rætt enn frekar um markaðsmál. Þurfum að marka stefnu, ákveða hvaða verkefni á að fara í á hverju ári. Hestakostur sem vantar - er búið að gengisfella útreiðahestinn? Forystan þarf að gefa skýr skilaboð hvað þetta varðar.

Magnús - þessum hestum er ekki sinnt og ræktunarstefnan hefur litið framhjá stirðleika sem við erum að súa seyðið.

Hulda – innanlandsmarkaðurinn er mikilvægur, þurfum að horfa í kynningar- og fræðslustarf innanlands. Sinna börnum og unglingum og auðvelda nýliðun.

Ingimar - góð umræða og þörf, þurfum að horfa inn á við.

Sveinn- eigum að stíga í takt við Landssambandið, höfða til okkar manna með hesta í verkefni eins og hjá nýliðunarverkefnið hjá Fákí.

Elvar Logi - mikið af námskeiðahaldi snýst um innivinnu og smáatriði. Kannski vantar orðið upp á leikgleðina og áherslu á útreiðar.

Kristinn - mikilvægt að fara í samvinnu með markaðsmál. Spurning um að koma á heildstæðri markaðsskrifstofu fyrir íslenska hestinn.

Sveinn - hvað með markaðsnefnd sem starfaði allan ársins hring? Fengi viðmið og stefnu frá aðalfundi. Þurfum að auka starfsemi okkar, formann í virkri stjórn og framkvæmdastjóra í fullu starfi.

Ingimar - þarf hugarfarsbreytingu hjá okkur.

Hulda bar fram spurningu um það, í framhaldi af erindi formanns Vesturlandsdeildar sem barst á tölvupósti fyrir fund, hvort formannafundir væru nauðsynlegir eða mætti afgreiða málefnið rafrænt, t.d. í gegnum tölvupóst? Fundarmenn sammála um að fundirnir væru góður samráðsvettvangur og Kristinn lýsti yfir sérstakri ánægju með þennan fund sem hann sagði hafa verið mjög góðan.

Ríkharður bætti við að hins vegar mætti endurskoða aðalfundina, sleppa fræðsluerindum og gefa meiri tíma í nefndarstörf. Hulda tók undir það og sagði nauðsynlegt að hafa meiri vinnutíma á aðalfundinum, fræðsluefnið gæti farið inn á hrossaræktarráðstefnu fagraðs.

Fleira var ekki gert og sleit Kristinn fundi um fimmleytið.

HGG/hgg